

Réttindi barna


Barn sem skortir kjark er eins og himinn án stjarna.

Málefni	Börn, almenn mannréttindi, menntun
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	60 mínútur
Yfirlit	<p>Í þessu verkefni er tígulröðun notuð til að stuðla að umræðu um Barnasáttmála SP, þar á meðal um mál sem snerta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Grundvallarmannréttindi og sérstök réttindi barnsins samkvæmt sáttmálanum. • Skyldur og ábyrgð samkvæmt sáttmálanum. • Það hvernig krefjast skal réttindanna.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til að þekkja fjölskyldu sína og búa með henni. • Rétturinn til verndar gegn arðráni. • Rétturinn til sérstakrar meðferðar í réttarhöldum.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að kynna Barnasáttmálann. • Að skapa hæfni til að skoða upplýsingar á gagnrýninn hátt og tengja þær daglegri reynslu. • Að efla ábyrgð, samstöðu, réttlæti og jöfnuð.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Yfirlýsingaspjöld – eitt á hvern vinnuhóp. • Stórt pappírslað til að búa til veggspjald. • Merkipennar. • Nægilegt rými til að hóparnir geti unnið út af fyrir sig.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Kynntu þér stytta útgáfuna af Barnasáttmálanum hér í bókinni. Settu greinarnar á stóra pappírslaðið og útbúðu þannig veggspjald. • Farðu yfir yfirlýsingaspjöldin sem fylgja hér á eftir og skoðu Barnasáttmálann. Finndu þær greinar sem þú telur að ýti undir áhugaverðustu umræðurnar hjá þessum hópi. Íhugaðu hvaða mál skipti þátttakendur mestu og einnig hver geti orðið umdeildust. • Útbúðu eitt sett af yfirlýsingaspjöldum fyrir hvern vinnuhóp. Settu hvert sett í umslag svo að þau ruglist ekki saman!


Leiðbeiningar

1. Byrjaðu á stuttri umfjöllun um Barnasáttmálann. Spyrðu þátttakendur hvað þeir viti um hann. Bentu á veggspjaldið og farðu yfir helstu greinarnar.
2. Láttu þátttakendur skipta sér í þriggja til fjögurra manna hópa. Afhentu þeim umslögin með yfirlýsingaspjöldunum.
3. Útskýrðu tígulröðunarferlið. Hver vinnuhópur á að ræða yfirlýsingarnar níu og


MÁLEFNI



BÖRN



ALMENN MANNRÉTTINDI



MENNTUN

ÞYNGDARSTIG

STIG 4


STIG 3

STIG 2

STIG 1


STIG 2

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



60 MÍNÚTUR

Íhuga hversu miklu máli hver og ein skipti í því umhverfi og aðstæðum sem hann býr við. Síðan eiga þeir að raða þeim í tígulröð eftir mikilvægi. Þeir eiga að leggja mikilvægustu yfirlýsinguna á borðið. Fyrir neðan hana eiga þeir að leggja, hlið við hlið, tvær næstmikilvægustu yfirlýsingarnar. Þar fyrir neðan eiga þeir að setja næstu þrjár yfirlýsingar sem ekki skipta verulegu máli. Í fjórðu röðinni eiga að vera tvö spjöld og í þeirri fimmtu eitt, yfirlýsingin sem þeim fannst minnstu máli skipta. Þannig liggja spjöldin í mynstri sem minnir á tígul.

4. Gefðu hópunum 25 mínútur til að ræða og ákveða röðina.
5. Þegar allir vinnuhóparnir eru búnir skaltu láta þátttakendur ganga um salinn og fá að sjá hvernig hver hópur raðaði yfirlýsingunum. Kallaðu síðan alla saman í samantektina.

Samantekt og mat

Byrjaðu á því að láta hvern hóp á fætur öðrum kynna niðurstöðurnar af umræðum sínum. Síðan er haldið áfram til að komast að því hvernig þátttakendum líkaði verkefnið og hvað það kenndi þeim.

- Hvernig koma niðurstöður ólíkra hópa út þegar þær eru bornar saman? Hvað er líkt og hvað er ólíkt?
- Hvers vegna er forgangurinn ólíkur hjá ólíku fólki?
- Íhuga einhverjir hópanna að endurskoða ákvarðanir sínar um röðun spjaldanna eftir að hafa hlustað á röksemdir hinna? Hvaða rök voru mest sannfærandi?
- Hvaða réttindi eru almennt ekki virt í samfélagi ykkar og hvers vegna?
- Eru einhver réttindi sem eru ekki í samningnum en ykkur finnst að ættu að vera þar?
- Finnst ykkur að börn þurfi sinn eigin samning? Hvers vegna?
- Úr því að börn hafa sinn eigin samning, þarf þá ekki samning líka fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 30 ára?
- Hvaða sérstöku réttindi ættu að vera í slíkum samningi fyrir ungt fólk?
- Börn hafa tiltekin réttindi samkvæmt Barnasáttmálanum en hversu raunhæft er það fyrir þau að gera tilkall til þeirra?
- Hvernig fer fólk yfirleitt að því að krefjast réttar síns?
- Ef þátttaka í lýðræðislegu ferli er ein leiðin fyrir fólk til að sækja rétt sinn, hvað geta þátttakendur þá gert til að byrja að „sækja rétt sinn“ heima fyrir og í skólanum sínum eða félaginu?
- Hvert geta börn leitað í samfélagi ykkar ef þau vita að alvarlega er brotið á réttindum þeirra?

Ábendingar til leiðbeinanda

Nánari upplýsingar um tígulröðun eru í 1. kafla, „Hvernig nota á Kompás“. Benda skal hópunum á að engin ein aðferð við að raða spjöldunum sé rétt eða röng. Þeir þurfa að átta sig á því að ólíkt fólk hefur ólíka reynslu og leggur því mismunandi mat á hlutina, og það ber að virða. Samt ætti hver hópur að reyna að komast að samkomulagi um röðunina. Lífið er nú einu sinni þannig að það þarf að forgangsraða og taka ákvarðanir í þágu allra!

Tilbrigði

Í stað þess að leggja til níu greinar mætti hafa þær átta og hafa eitt spjaldið autt svo að hóparnir geti sjálfir valið níundu greinina.

Hægt er að setja yfirlýsingaspjöldin í kassa og láta hvern þátttakanda draga eitt og tala um það í eina mínútu. Í verkefninu „Augnablik!“ á bls. 84 eru upplýsingar um þessa aðferð. Hægt er að láta vinnuhópana skrifa stutta sögu eða sýna stuttan hlutverkaleik um atvik sem tengist völdu greinunum. Einnig mætti byggja sögurnar/hlutverkaleikina á atburðum úr fjölmiðlum, einhverju sem einhver hefur heyrt eða séð í kvikmynd eða leikhúsi eða lesið um í bók eða tímariti. Hægt er að þróa hlutverkaleikina þannig að þátttakendur gangi fyrst út frá atburðinum en haldi svo áfram og finni eigin lausnir eða leiðir til að hindra að slíkur atburður, eða brotið yfirleitt, geti endurtekið sig.

Tillögur um framhald

Hægt er að bjóða einhverjum sem þekkir Barnasáttmálann vel, saksóknara, fulltrúa Barnaheilla, barnasálfræðingi eða umboðsmanni barna, að tala við hópinn. Áður en gesturinn talar mætti fá fram hugmyndir með hugflæðiaðferðinni um brot á réttindum barna, svo sem ofbeldi gegn börnum, kynferðislega misnotkun á börnum, vanrækslu og kúgun. Ræðumaðurinn gæti skýrt frá því hverjir í samfélaginu eigi að bera ábyrgð á börnunum og annast um þau, svo sem foreldrar, lögregla, félagsráðgjafar o.s.frv. Einnig má fá ráð um það hvernig bregðast skuli við ef menn verða vitni að ofbeldi, einkum alvarlegu ofbeldi eins og þegar nágrenni misþyrmir börnum sínum. Slík mál þarf að takast á við með gætni, umhyggju og varúð.

Börnum og ungmennum finnst þau oft órétti beitt. Ef hópurnir vill fjalla um mál sem snerta mismunun gæti verkefnið „Öll jöfn–öll ólík“ á bls. 260 hentað vel.

Hugmyndir um aðgerðir

Kanna mætti stjórnunarhætti skólans, reglur hans og námskrá til að sjá hversu vel hann uppfyllir skyldur sínar og ábyrgð með tilliti til Barnasáttmálans. Veitir hann t.d. menntun sem snýst um að þroska persónuleika barnsins, hæfileika þess og færni eða er of mikil áhersla á utanaðbókarlærdóm fyrir próf? Hafa nemendur rétt til þess að tjá að vild skoðanir sínar á öllum málum sem snerta þá? Fá skoðanir nemenda sanngjarnt vægi? Með öðrum orðum, er skólaráð starfandi og hversu virkt er það? Er námsaga haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisn barnsins? Hvernig bregst skólinn við kynþáttafordómum og einelti? Ræða mætti hvar úrbóta er þörf og til hvaða úrræða megi grípa til að leysa þau mál. Líta má á dæmið í kaflanum „Aðgerðir“ á bls. 276, og skipuleggja verkefni. Gæta skal þess að ana ekki út í neitt eða gera eitthvað sem komið gæti kennurunum í uppnám (að óþörfu); þeim má ekki finnast að verið sé að hrifsa frá þeim völdin!

Eitt er að vita um rétt barna en annað að geta aukið samhug, samstöðu og jöfnuð innan skólans.

Nánari upplýsingar

Í sambandi við heildartexta Barnasáttmálans, UNICEF-skjöl honum viðkomandi, sem gefin eru út árlega um stöðu barna í heiminum, og aðrar bækur og rit sem fjalla um réttindi barna, er vísað til 5. kafla; þar er ítarefni sem um málefni barna.

Lykildagsetning

20. nóvember

Alþjóðadagur barna

Nánari upplýsingar

Í sambandi við heildartexta Barnasáttmálans, UNICEF-skjöl honum viðkomandi, sem gefin eru út árlega um stöðu barna í heiminum, og aðrar bækur og rit sem fjalla um réttindi barna, er vísað til 5. kafla; þar er ítarefni sem um málefni barna.

Sjá einnig:

www.barnasattmali.is

EFNI TIL DREIFINGAR**Yfirlýsingaspjöld**

Ljósritaðu eftirfarandi greinar og klipptu út til að útbúa yfirlýsingaspjöldin.

Barn hefur rétt til að láta frjálsglega í ljós skoðanir í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar.

Virða skal rétt barns til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar. Viðurkenna skal rétt barns til að mynda félög með öðrum og koma saman með öðrum með friðsömum hætti.

Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólöglegum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum. Barn á rétt á vernd fyrir ólöglegum árásum á sæmd þess eða mannorð.

Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska.

Barn á rétt til menntunar. Ríkið skal koma á skyldu til grunnenntunar sem allir geti notið ókeypis. Námsaga skal haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu barnsins. Menntun barns skal beinast að því að rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess, móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi, undirbúa það til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis og jafnréttis karla og kvenna og að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.

Barn á rétt til hvíldar og tómsunda, til að eika sér og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

Barn skal vera verndað fyrir arðráni og vinnu sem er hættuleg lífi þess og þroska. Barnið skal verndað fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi, notkun til vændis eða annarra ólöglegtra kynferðisathafna, í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

Ríkið skal gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja börnum, sem áhrif vopnaátaka ná til, vernd og umönnun.

Hverju því barni sem ásakað er um refsilagabrot skal tryggt að það sé talið vera saklaust þar til það er fundið sekt að lögum, að það njóti lögfræðilegrar aðstoðar við undirbúning og framsetningu á vörn sinni, að því sé ekki þröngvað til að bera vitni eða játa á sig sök, að það njóti fullrar friðhelgi einkalífs síns og að með það sé farið á þann hátt sem velferð þess hæfir og samræmist bæði aldri þess og aðstæðum. Ekki skal ákveða dauðarefsingu eða lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn fyrir afbrot sem yngri menn en 18 ára hafa framið